

VIÐHORF TIL LÖGREGLU

Könnun á viðhorfum landsmanna til aðgerða
vegna COVID-19 og annarra starfa
lögreglunnar

2020



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Embætti ríkislögreglustjóra
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf landsmanna til aðgerða vegna COVID-19 og til annarrar þjónustu og starfa lögreglu
Dagsetning skýrsluskila	14. júlí 2020

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Gagnaöflun og úrvinnsla	Margrét Valdimarsdóttir
Skýrsluhöfundur	Margrét Valdimarsdóttir

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Mikill meirihluti landsmanna var hlynntur aðgerðum stjórnvalda til að vinna gegn COVID-19. Flestir studdu jafnframt aðgerðir lögreglu vegna COVID-19. Stór hluti borgarbúa vildi herða refsingar við brotum gegn samkomubanni, en mjög lítil hluti af þeim sem urðu varir við slík brot tilkynntu þau til lögreglu.
- Niðurstöður könnunarinnar sýna að meirihluti landsmanna hefur jákvæð viðhorf til lögreglu. Mikill meirihluti telur lögreglu hafa skilað góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi. Ekki hefur verið mikil breyting á viðhorfum að þessu leyti á síðustu árum. Ánægja með störf lögreglu er aðeins meiri meðal kvenna en karla. Ánægja með störf lögreglu er mikil í öllum landshlutum, en þó er ánægjan hlutfallslega mest á Vestfjörðum og á Austurlandi.
- Um 30% landsmanna greina frá því að hafa orðið varir við lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi oftari en einu sinni í viku en um 6% að þeir verði aldrei varir við lögreglumann eða lögreglubíl. Ekki hefur orðið mikil breyting á sýnileika lögreglu frá því í fyrra. Sýnileiki lögreglu er mestur í Vestmannaeyjum þar sem nánast allir þátttakendur sem þar búa greina frá því að sjá lögreglu oftari en einu sinni í viku.
- Þrír af hverjum fjórum telur lögreglu mjög eða frekar aðgengilega, sem er svipað hlutfall og á síðustu árum. Töluverður munur er á hvort fólk telji lögreglu aðgengilega eftir búsetu. Hlutfallslega flestir íbúar Norðurlandi eystra telja lögreglu aðgengilega en hlutfallslega færstir íbúar á Norðurlandi vestra.
- Traust til lögreglu og starfa hennar er almennt mjög mikið. Rúmlega 83% þátttakanda í þessari könnun segjast bera traust til lögreglu. Konur og eldri aldurshópar eru aðeins líklegri en aðrir hópar til að bera mikið traust til lögreglu. Einnig virðist traust til lögreglu vera meira meðal fólks með háskólamenntun heldur en meðal fólks með styttri menntun. Lítil breyting hefur orðið á trausti landsmanna til lögreglu á undanförunum árum. Mikill meirihluti telur jafnframt lögregluna í sínu byggðarlagi eða hverfi vera almennt heiðarlega og að fylgja skuli fyrirmælum hennar.
- Árið 2020 greindu um 35% landsmanna frá því að hafa sóst eftir einhvers konar þjónustu eða aðstoð lögreglu á síðastliðnu ári. Þetta er aðeins hærra hlutfall en á síðustu tveimur árum. Flestir nýttu sér þjónustu lögreglu með því að hringja í Neyðarlínuna (112).



- Fólk á aldrinum 36 til 45 ára er líklegra en fólk í öðrum aldurshópum til að nýta sér þjónustu eða aðstoð lögreglunnar. Hlutfallslega flestir á Suðurnesjum hringdu í Neyðarlínuna (112) en hlutfallslega flestir í Vestmannaeyjum fóru á lögreglustöð.
- Mikill meirihluti þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu var ánægður með þá þjónustu sem hann fékk. Þetta á sérstaklega við um þá sem fóru á heimasíðu lögreglunnar. Fólk sem sendir lögreglunni tölvupóst er síst ánægt með þjónustu lögreglunnar.



EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	6
Framkvæmd.....	6
Viðhorf til aðgerða vegna COVID-19.....	9
Viðhorf til starfa lögreglu.....	15
Sýnileiki lögreglu.....	18
Aðgengi að lögreglunni.....	21
Traust til lögreglu og upplifun á lögmæti og heiðarleika lögreglu.....	24
Samskipti við lögreglu.....	28

INNGANGUR

Undanfarin ár hafa embætti Ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kannað reynslu landsmanna af afbrotum, öryggistilfinningu þeirra og viðhorf til þjónustu og starfa lögreglu. Þar sem eingöngu hluti afbrota er tilkynntur til lögreglu, er könnunin mikilvægur liður í því að meta tíðni afbrota á Íslandi. Þessar kannanir eru jafnframt notaðar til að meta störf og árangur lögreglu og niðurstöður þeirra notaðar við stefnumótun í löggæslu.

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður um viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu. Hér er jafnframt greint frá niðurstöðum þar sem landsmenn voru spurðir sérstaklega um viðhorf þeirra til aðgerða lögreglu við að framfylgja lögum og takmörkunum vegna COVID-19.

Upplýsingar um reynslu landsmanna af afbrotum og öryggistilfinningu má finna í öðrum skýrslum á vef lögreglunnar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmt könnunarinnar sem var lögð fyrir tilviljunarúrtak fólks eldra en 17 ára af landinu öllu¹.

FRAMKVÆMD

Tekið var 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanel Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Úrtakið var tvískipt; 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.000 af landsbyggðinni. Ekki náðist í 133 einstaklinga (óvirk netföng) en alls svöruðu 2.187 einstaklingar könnuninni og var því svarhlutfall um 57%. Könnun var send út 10. maí 2020. Fjórar ítrekanir voru sendar með tölvupósti frá 14. maí til 2. júní 2020 og lokað var fyrir gagnaöflun 9. júní 2020.

Svarendur könnunarinnar eru á aldrinum 18 til 88 ára. Niðurstöður könnunarinnar byggja á vigtuðum gögnum þannig að úrtakið endurspeglir þýði Íslendinga með tilliti til kyns, aldurs, menntunar og búsetu. Gögnin eru vigtuð til að koma í veg fyrir skekkju sem myndast vegna kerfisbundins brottfalls ákveðinna hópa. Sem dæmi er fólk í eldri aldurshópum líklegra til að taka þátt í könnunum en yngra fólk og því meira brottfall meðal ungs fólks. Upplýsingar um hlutföll hvers hóps í þýði Íslendinga voru fengnar af vef

¹ Tillaga af tilvísun: Margrét Valdimarsdóttir. (2020). Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum höfuðborgarbúa til aðgerða vegna COVID-19 annarrar þjónustu og starfa lögreglunnar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hagstofu Íslands. Niðurstöður eru jafnframt greindar eftir þessum sömu bakgrunnsbreytum. Búsetu er skipt upp í samræmi við lögregluumdæmin níu.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,05$), þ.e. meðal allra Íslendinga sem eru 18 ára eða eldri. Tvær stjörnur þýða að innan við 1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að innan við 0,1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,001$).

Tafla 1. Framkvæmd könnunar

Framkvæmdarmáli	
Upplýsingasöfnun	10.05.2020-09.06.2020
Fjöldi í úrtaki	4000
Fjöldi svarenda	2187
Brottfall	133
Svarhlutfall	57%

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri, menntun og búsetu svarenda og þýðis

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall í þýði
Kyn**			
Karl	1049	48,0%	51,5%
Kona	1138	52,0%	48,5%
Aldur***			
18-25 ára	203	9,3%	14,5%
26-35 ára	308	14,1%	20,4%
36-45 ára	375	17,1%	17,6%
46-55 ára	484	22,1%	16,0%
56-65 ára	408	18,7%	14,8%
66 ára og eldri	409	18,7%	16,8%
Búseta***			
Höfuðborgarsvæði	1159	53,0%	64,7%
Vesturland	124	5,7%	4,5%
Vestfirðir	67	3,1%	2,0%
Norðurland vestra	69	3,2%	2,0%
Norðurland eystra	275	12,6%	7,9%
Austurland	102	4,7%	2,9%
Suðurland	204	9,3%	7,1%
Vestmannaeyjar	58	2,7%	1,2%
Suðurnes	129	5,9%	7,7%
Menntun***			
Grunnskólamenntun	257	12,5%	31,1%
Framhaldsskólamenntun	814	37,2%	38,2%
Háskólamenntun	979	44,5%	30,7%


Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Viðhorf til aðgerða vegna COVID-19


- Þátttakendur voru spurðir sérstaklega um viðhorf og upplifanir þeirra á þeim aðgerðum sem settar voru á til að vinna gegn útbreiðslu COVID-19 hér á landi. Niðurstöður benda til að flestir landsmenn hafi verið hlynntir aðgerðum stjórnvalda og flestir studdu aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar.
- Nánast allir þátttakendur voru því hlynntir að hér væri lögð áhersla á smitrakningu og sett væri sett á samkomubann (sjá mynd 1). Um þrír af hverjum fjórum svarendum voru því hlynntir að hér væri ekki sett á útgöngubann.
- Á mynd 2 má sjá viðhorf fólks til afleiðinga vegna brota gegn samkomubanni. Niðurstöður sýna að um 80% þátttakanda voru því mjög eða frekar sammála að það ætti að sekta fólk um háar fjárhæðir fyrir að halda samkvæmi þar sem fleirum er boðið en reglur um samkomubann heimila. Einungir um 9% þátttakanda telja að brot gegn samkomubanni eigi ekki að vera refsiferð.
- Tæplega þriðjungur þátttakanda greindi frá því að hafa orðið var við brot gegn samkomubanni (27,9%, sjá mynd 3). Lítil hluti þeirra sem varð var við brot á samkomubanni tilkynnti brotið, eða rúmlega 3% til lögreglu og tæp 12% tilkynnti annað en til lögreglu.
- Rúmlega helmingur svara á aldrinum 18 til 25 ára greindi frá því að hafa orðið var við brot gegn samkomubanni, en eingöngu rétt rúmlega 10% fólks í elsta aldurshópnum (66 ára og eldri). Það var einnig munur á því hvort fólk hafi orðið vart við slík brot eftir búsetu og menntun. Þannig greindu um þriðjungur íbúa á höfuðborgarsvæðinu og á Vestfjörðum frá því að hafa orðið var við brot gegn samkomubanni en lægsta hlutfallið var meðal íbúa á Norðurlandi vestra (sjá töflu 3).
- Þátttakendur voru spurðir um skoðun sína á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19. Nánast 9 af hverjum 10 sögðust styðja aðgerðir lögreglu heilshugar (mynd 4). Svarmöguleikar við spurningunni sem birt er á mynd 4 eru í samræmi við könnun sem lögð var fyrir tilviljunarúrtak almennings á Bretlandi. Mun meiri stuðningur var við aðgerðir lögreglu hér á landi en meðal Breta (sjá nánar hér: <https://www.crestadvisory.com/post/policing-the-covid-19-lockdown-what-the-public-thinks>).
- Í töflu 4 má sjá að marktækt fleiri konur en karlar styðja aðgerðir lögreglu, eða tæplega 94% kvenna en tæp 84% karla. Stuðningur við aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 var marktækt meiri hjá eldri aldurshópnum en þeim yngri. Ekki er tölfraðilega marktækur munur á hlutfalli þeirra sem sögðust styðja aðgerðir lögreglu heilshugar eftir búsetu eða menntun.



Mynd 1. Hlutfall þátttakenda sem voru mjög eða frekar hlynt aðgerðum stjórnvalda til að vinna gegn útbreiðslu COVID-19 hér á landi



Mynd 2. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum varðandi brot gegn samkomubanni?




Mynd 3. Hefur þú orðið var/vör við brot gegn samkomubanni? Tilkynntir þú brotið/brotin sem þú varðst var/vör við?

Tafla 3. Hlutfall þátttakenda sem greinir frá því að hafa orðið var við brot við samkomubanni, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun


	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	1944	27,9%	27,9%
Kyn			
Karl	996	27,9%	27,9%
Kona	948	27,9%	27,9%
Aldur***			
18-25 ára	272	51,4%	51,4%
26-35 ára	373	41,0%	41,0%
36-45 ára	347	25,1%	25,1%
46-55 ára	320	24,3%	24,3%
56-65 ára	295	17,2%	17,2%
66 ára og eldri	338	10,3%	10,3%
Búseta***			
Höfuðborgarsvæði	1235	32,1%	32,1%
Vesturland	87	21,9%	21,9%
Vestfirðir	43	32,1%	32,1%
Norðurland vestra	44	11,9%	11,9%
Norðurland eystra	170	21,9%	21,9%
Austurland	59	14,9%	14,9%
Suðurland	132	13,4%	13,4%
Vestmannaeyjar	25	26,4%	26,4%
Suðurnes	151	25,4%	25,4%
Menntun*			
Grunnskólamenntun	605	24,4%	24,4%
Framhaldsskólamenntun	690	30,3%	30,3%
Háskólamenntun	566	29,9%	29,9%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Mynd 4. Hver af eftirfarandi fullyrðingum lýsir best skoðun þinni á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19?

Tafla 4. Hlutfall þátttakenda sem styður aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun




Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Viðhorf til starfa lögreglu


- Mikill meirihluti þátttakenda telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi, eða rúmlega 87% (sjá töflu 5 og mynd 5).
- Á mynd 6 má sjá að lítil breyting hefur orðið á hlutfalli landsmanna sem telur lögreglu hafa skilað góðu starfi frá því að mælingar hófust árið 2008. Hlutfallslega flestir töldu lögreglu hafa skilað *mjög góðu* starfi árið 2009, eða yfir 27% og yfir 91% landsmanna töldu hana hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi það ár.
- Það er marktækur munur á viðhorfum til starfa lögreglu eftir kyni, aldri og búsetu. Konur eru líklegri en karlar til að telja lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, eða um 92% kvenna en 83% karla. Ánægja með störf lögreglu er mest í elsta aldurshópnum en hlutfallslega minnst meðal fólks á aldrinum 26 til 35 ára. Þó telja tæp 83% þátttakanda í þeim aldurshópi lögreglu hafa skilað góðu starfi.
- Nánast allir svarendur á Vestfjörðum og á Austurlandi telja lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu byggðarlagi. Hlutfallslega fæstir á Norðurlandi vestra og á höfuðborgarsvæðinu telja lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum, eða rúmlega 80% (sjá töflu 6).

Tafla 5. Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi eða byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög góðu starfi	389	23%	1,8%	23%
Frekar góðu starfi	1058	64%	2,0%	64%
Frekar slæmu starfi	174	11%	1,3%	11%
Mjög slæmu starfi	43	3%	0,7%	3%
Fjöldi svara	1664	100%		
Veit ekki	519			
Vil ekki svara	4			
Alls	2187			




Mynd 5. Þegar á heildina er lítið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi eða byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum?



Mynd 6. Hlutfall sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi. Samanburður árunna 2008 til 2020 (upplýsingar fyrir 2010 og 2012 vantar)

87,0

Tafla 6. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun




Sýnileiki lögreglu

- Í töflu 7 kemur fram að árið 2020 greina um 6% þátttakenda frá því að þeir sjái aldrei lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi. Tæplega þriðjungur verður var við lögreglu oftár en einu sinni í viku (30%) og svipað hlutfall greinir frá því að sjá lögreglu tvisvar til þrisvar í mánuði til vikulega (31%) eða einu sinni í mánuði eða sjaldnar (33%).
- Ef sýnileiki lögreglu í ár er borin saman við síðasta ár (2019) virðist hafa dregið örlítið úr sýnileika. Hlutfall þátttakanda sem greinir frá því að hafa orðið var við lögreglu oftár en einu sinni í viku er þremur prósentustigum lægra nú en árinu áður. Um 6% segjast nú aldrei verða vör við lögreglu sem er einu prósentustigi hærra en í fyrra, en þó lægra en á árunum þar á undan (2016-2018).
- Það er tölfræðilega marktækur munur á upplifun á sýnileika lögreglu eftir öllum bakgrunnspáttum sem eru greindir í töflu 8. Hlutfall þátttakanda sem greina frá því að sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi oftár en einu sinni í viku er mjög mismunandi eftir búsetu. Nánast allir íbúar í Vestmannaeyjum sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku en einungis rúm 14% íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 7. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi eða byggðarlagi að jafnaði?²


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oftár en einu sinni í viku	638	30%	1,9%	30%
2-3 í mánuði til vikulega	648	31%	1,9%	31%
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	707	33%	2,0%	33%
Aldrei	131	6%	1,0%	6%
Fjöldi svara	2124	100%		
Veit ekki	59			
Vil ekki svara	4			
Alls	2187			

² Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?



Mynd 7. Hversu oft þátttakendur sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi, samanburður árunna 2013 til 2020 (upplýsingar fyrir 2015 vantar)

Tafla 8. Hlutfall þátttakenda sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi oftar en einu sinni í viku, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun




Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Aðgengi að lögreglunni


- Um það bil 24% þátttakenda telja lögreglu mjög aðgengilega og yfir helmingur telur hana frekar aðgengilega (sjá töflu 9). Eins og kemur fram á mynd 9 hefur upplifun landsmanna á aðgengi að lögreglu breyst lítið á síðustu árum.
- Fólk í elsta aldurshópnum, 66 ára og eldri, er líklegra en fólk í öðrum aldurshópum til að upplifa lögreglu aðgengilega. Hlutfall þátttakanda sem telja lögreglu aðgengilega sker sig út á meðal íbúa á Norðurlandi vestra, en þar er hlutfallið 58% samanborið við tæp 88% á Norðurlandi eystra þar sem það er hæst (sjá töflu 10).
- Ekki er mikill munur á upplifun á aðgengi að lögreglu eftir menntun, munurinn er þó tölfræðilega marktækur. Töluvert lægra hlutfall fólks sem hefur lokið grunnskólamenntun telur lögreglu frekar eða mjög aðgengilega heldur en hlutfall fólks með lengri menntun.

Tafla 9. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi eða byggðarlagi?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög aðgengileg	399	24%	1,8%	24%
Frekar aðgengileg	857	51%	2,1%	51%
Frekar óaðgengileg	294	18%	1,6%	18%
Mjög óaðgengileg	115	7%	1,1%	7%
Fjöldi svara	1665	100%		
Veit ekki	498			
Vil ekki svara	24			
Alls	2187			




Mynd 8. Mat þátttakenda á aðgengi sínu að lögreglunni



Mynd 9. Mat þátttakenda á aðgengi sínu að lögreglunni árin 2008 til 2020 (upplýsingar fyrir 2010 og 2015 vantar)

Tafla 10. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi eða byggðarlagi, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun




Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001


Traust til lögreglu og upplifun á lögmæti og heiðarleika lögreglu

- Mikill meirihluti landsmanna ber traust til lögreglu. Um 83% þátttakenda eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar. Um 7% þátttakenda eru hins vegar ósammála fullyrðingunni (sjá töflu 11). Hlutfall þeirra sem bera traust til lögreglu hefur verið svipað frá árinu 2016, eða milli 83% árið 2020 og 87% árið 2018.
- Það er tölfræðilega marktækur munur á trausti til lögreglu eftir kyni, aldri búsetu og menntun. Í samræmi við eldri kannanir ber hærra hlutfall kvenna en karla traust til lögreglu. Tæp 86% kvenna segjast bera traust til lögreglu og starfa hennar borið saman við 79% karla. Hlutfall sem ber traust til lögreglu hækkar með hækkandi aldri (sjá töflu 12).
- Nánast allir þátttakendur á Vestfjörðum bera traust til lögreglu. Traust er jafnframt mikið meðal íbúa Vesturlands, Austurlands og á Suðurnesjum þar sem yfir 90% þátttakanda bera traust til lögreglu. Hlutfallslega fæstir í Vestmannaeyjum bera traust til lögreglu, en hlutfallið er þó 76%.
- Hátt hlutfall þátttakanda var sammála fullyrðingunni að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna, eða um 84%. Mikill meirihluti þátttakanda telur einnig lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi vera almennt heiðarlega (sjá töflur 13 og 14).

Tafla 11. Traust til lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	833	40%	2,1%	40%
Frekar sammála	900	43%	2,1%	43%
Hvorki né	194	9%	1,2%	9%
Frekar ósammála	93	4%	0,9%	4%
Mjög ósammála	59	3%	0,7%	3%
Fjöldi svara	2079	100%		
Veit ekki	10			
Vil ekki svara	98			
Alls	2187			





Mynd 10. Hlutfall þátttakenda sem er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“, samanburður árána 2016 til 2020

Tafla 12. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sammála því að þeir beri traust til lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun



Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 13. Lögætti lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fylgja skal fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna“


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	890	44%	2,1%	44%
Frekar sammála	826	40%	2,1%	40%
Hvorki né	205	10%	1,3%	10%
Frekar ósammála	69	3%	0,8%	3%
Mjög ósammála	51	2%	0,7%	2%
Fjöldi svara	2041	100%		
Veit ekki	37			
Vil ekki svara	109			
Alls	2187			

Tafla 14. Heiðarleiki lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Lögreglan í mínu hverfi eða byggðarlagi er almennt heiðarleg“


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	850	46%	2,1%	46%
Frekar sammála	693	38%	2,0%	38%
Hvorki né	218	12%	1,4%	12%
Frekar ósammála	49	3%	0,7%	3%
Mjög ósammála	33	2%	0,6%	2%
Fjöldi svara	1843	100%		
Veit ekki	242			
Vil ekki svara	103			
Alls	2188			

Samskipti við lögreglu

- Rúmlega þriðjungur greindi frá því að hafa leitað eftir einhvers konar þjónustu eða aðstoð lögreglu á síðastliðnu ári (2019). Þetta er svipað hlutfall og á síðustu ár. Niðurstöður á mynd 12 benda til að tæp 20% landsmanna hafi haft samband við Neyðarlínuna á árinu 2019, en hlutfallslega flestir hafa samband við lögreglu með þeim hætti. Um það bil einn af hverjum tíu nýta sér samfélagsmiðla lögreglu, hringja á lögreglustöð eða fara á lögreglustöð. Fáir senda lögreglunni tölvupóst.
- Í töflu 15 er hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir aðstoð eða þjónustu lögreglu skipt upp eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Það er eingöngu marktækur munur á hlutfalli sem leitaði eftir þjónustu lögreglu eftir aldri. Hlutfallslega flestir á aldrinum 26 til 35 ára leituðu eftir þjónustu lögreglu, í þeim aldurhópi leituðu tæplega helmingur eftir aðstoð eða þjónustu lögreglu.
- Hlutfall sem leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu er greint enn frekar eftir samskiptaleið, kyni, aldri, búsetu og menntun í töflu 16. Þegar munurinn á milli hópa er tölfræðilega marktækur er hæsta prósentuhlutfallið feitletrað.
- Það er aðeins marktækur munur á samskiptaleið eftir kyni í því tilfalli sem þátttakendur hringdu á lögreglustöð. Rúmlega 12% karla hringdu á lögreglustöð á síðasta ári samanborið við tæp 7% kvenna. Marktækur munur er á samskiptaleið eftir aldri í öllum tilfellum. Fólk í aldurshópnum 26 til 35 ára er líklegra en fólk í öðrum aldurshópum til að hafa samband við lögreglu, óháð samskiptaleið.
- Í töflu 16 kemur fram að tæp 25% íbúa á Suðurnesjum greina frá því að hafa hringt í Neyðarlínuna (112) á síðasta ári samanborið við tæp 2% íbúa í Vestmannaeyjum, þar sem hlutfallið er lægst. En hlutfall þeirra sem fóru á lögreglustöð er marktækt hæst í Vestmannaeyjum, eða tæplega 23% ($p < 0.05$). Engin þátttakandi í Vestmannaeyjum sendi lögreglu tölvupóst á síðasta ári (2019) en tæp 7% íbúa á Vestfjörðum.
- Flestir sem leita til lögreglu eru ánægðir með þjónustu eða aðstoð lögreglunnar. Þegar á heildina lítið eru vel yfir 80% þeirra sem leita til lögreglu ánægðir (sjá töflu 17). Hlutfallslega flest þeirra sem fóru á heimasíðu lögreglunnar voru ánægð eða rúm 88%. Ánægjan var jafnframt mikil meðal þeirra sem nýttu hringdu í Neyðarlínuna (112)%. Hlutfallslega fæstir voru ánægðir eftir að hafa sent lögreglu tölvupóst, þó voru um 58% mjög eða frekar ánægðir.




Mynd 11. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu frá 2014 til 2019 (spurt er um árið áður en könnun er lögð fyrir)³



Mynd 12. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir mismunandi þjónustu eða aðstoð lögreglu, greint eftir kyni

³ Spurt var: Ef þú hugsar um árið 2019, leitaðir þú eftir þjónustu/aðstoð lögreglu með einhverjum af eftirtöldum hætti? ...

Tafla 15. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun



Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001


Tafla 16. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyni, aldri, búsetu og menntun

	Heldarfjöldi eftir vigtun	Hringdi í neyðarlínuna	Hringdi á lögreglustöð	Nýtti mér samfélags- miðla	Fór á lögreglustöð	Fór á heimasiðu lögreglu	Sendi lögreglunni tölvupóst
Heild	2143	20,0%	9,7%	10,9%	8,8%	4,6%	2,8%
Kyn			***				
Karl	1094	21,4%	12,4%	10,7%	9,8%	5,3%	3,3%
Kona	1049	18,5%	6,9%	11,1%	7,8%	3,8%	2,3%
Aldur		***	***	***	***	***	
18-25 ára	310	27,7%	7,8%	16,3%	7,9%	7,6%	2,5%
26-35 ára	416	31,0%	15,8%	17,4%	14,4%	8,4%	6,0%
36-45 ára	376	21,7%	11,8%	13,1%	9,7%	4,9%	3,9%
46-55 ára	344	17,5%	12,2%	13,6%	9,0%	3,6%	2,2%
56-65 ára	328	12,3%	4,9%	3,5%	7,2%	1,7%	0,6%
66 ára og eldri	368	8,4%	4,4%	1,0%	3,6%	0,7%	0,9%
Búseta		**			*		*
Höfuðborgarsvæði	1373	21,6%	9,3%	11,6%	7,8%	5,5%	2,9%
Vesturland	95	15,6%	9,2%	9,3%	13,6%	3,3%	2,0%
Vestfirðir	44	10,1%	15,6%	10,5%	14,5%	3,2%	6,8%
Norðurland vestra	47	21,0%	5,2%	8,1%	6,3%	1,0%	0,5%
Norðurland eystra	177	15,9%	13,8%	11,2%	11,8%	2,8%	1,9%
Austurland	65	12,9%	6,4%	4,7%	12,5%	2,4%	1,6%
Suðurland	157	17,1%	7,9%	6,2%	6,3%	2,2%	2,7%
Vestmannaeyjar	28	1,8%	11,4%	8,3%	22,9%	0,7%	0,0%
Suðurnes	160	24,5%	12,4%	14,0%	9,5%	4,3%	4,3%
Menntun							
Grunnskólanám	650	22,9%	11,0%	9,8%	10,3%	3,9%	2,1%
Framhaldsskólanám	761	20,0%	9,5%	11,5%	8,9%	5,2%	2,7%
Háskólanám	613	17,4%	8,7%	11,4%	7,8%	4,6%	3,1%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 17. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þjónustu/aðstoð lögreglu árið 2019?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	245	35%	3,5%	30%
Frekar ánægð(ur)	332	48%	3,7%	48%
Frekar óánægð(ur)	86	12%	2,4%	16%
Mjög óánægð(ur)	33	5%	1,6%	6%
Fjöldi svara	696	100%		
Á ekki við	1424			
Veit ekki	60			
Vil ekki svara	7			
Alls	2187			



Mynd 13. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu og var mjög eða frekar ánæggt með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið